

Ná.

99. Nefndarálit

um frumvarp til laga um einkasölu landsstjórnarinnar á sementi.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarp þetta verði ekki samþykkt. Því að þrátt fyrir það, þótt nefndin hafi mælt með því að samþykkt verði frumvarp um einkasölu landsstjórnarinnar á steinolíu, þá álitur hún eigi rjett, að lögleidd verði einkasala á fleiri vörutegundum á þessu þingi. Meðal annars er sú ástæða, að landssjóðs-einkasala hlýtur að hafa mikinn byrjunarkostnað í för með sjer, en útlit er fyrir að fjárhagsástæður landssjóðs verði ekki góðar á næstkomandi fjárhagstímabili, og því athugavert að lögleiða nú þegar einkasölu á fleiri en einni vörutegund.

Alþingi, 17. júlí 1917.

Magnús Guðmundsson,
formaður.

Gísli Sveinsson,
skrifari.

Þorsteinn M. Jónsson,
framsögumaður.

Þórarinn Jónsson.

H. J. Kristófersson.